

Faghópur um öryggismál

ÁRSSKÝRSLA 2009

Árið 2009 voru þessir stjórnarmenn í *Faghópi um öryggismál* eða *Öryggishópi*:

Svavar Ingi Hermannsson formaður	svavar@security.is
Hörður Helgi Helgason	hkh@lm.is
Stefán Snorri Stefánsson	stefan@pta.is
Úlfar Erlingsson	ulfar@microsoft.com
Þorvarður Kári Ólafsson	thorvardur@thjodskra.is
Kristján Geir Arnþórsson	kga@rb.is

Stjórnin mun ekki hafa skipt með sér verkum á hefðbundinn hátt við stofnun, heldur haft Svavar Inga Hermannsson fyrir leiðtoga sinn og formann. Kristján Geir var í janúar 2010 útnefndur af sama formanni varaformaður, þar sem Svavar er ekki á landinu sem stendur.

Markmið með stofnun hópsins 10. október 2007 voru:

- Að stuðla að bættu öryggi og öryggisvitund í fjarskipta- og upplýsingatækni.
- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um öryggismál og efla tengsl milli þeirra sem starfa á sviðinu og hafa áhuga á því.
- Að stuðla að góðu siðferði í tengslum við upplýsingaöryggi.
- Að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun um öryggismál.
- Að vera öðrum samtökum og faghópum innan handar við að auka öryggisvitund.
- Að koma með tillögur til stjórnar Skýrslutæknifélagsins um stefnumörkun þess á sviði upplýsingaöryggis og vera málsvari þess um öryggistengd mál.
- Að vinna með fulltrúa félagsins í fjarskiptaráði í tengslum við öryggismál.

Engin starfsemi var á árinu 2009 utan fundar eins, þar sem formenn faghópanna hittust. Þar kom formaður *Faghóps um öryggismál* á framfæri ósk um að öryggismálin yrðu með ef einhver hinna hópanna stæði fyrir fræðslufundum, þar sem við gætum komið inn með öryggisvinkilinn.

Enginn formannanna hafði samband.

Nú er þó stefnt að hádegisverðarfundum Skýrslutæknifélagsins um öryggismál 24. febrúar n.k., þar sem tveir fulltrúar úr faghópnum eru í undirbúningshópi. Sú skipan mun hafa verið fyrir tilstilli Arnheiðar framkvæmdastjóra.

Í von um líflegra starf í þessari þó mikilvægu grein tölvumála á nýbyrjuðu ári,

Reykjavík, 3. febrúar 2010,

Kristján Geir Arnþórsson,
varaformaður.